



Alþingi
Erindi nr. P 128/1042
komudagur 18.2.2003

17. febrúar 2003
Dags. yðar: 7. febrúar 2003

Nefndasvið Alþingis
efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningabætti, með síðari breytingum, 549. mál, EES-reglur

Visað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags. 7. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningabætti, með síðari breytingum, 549. mál, EES-reglur.


Með frumvarpinu er stefnt að því að gera nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningabætti, með síðari breytingum, í þeim tilgangi að innleiða ákvæði tilskipunar nr. 2001/97/ESB, sem telur í sér breytingu á tilskipun nr. 91/308/EEB, um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningabættis.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemd við samþykkt frumvarpsins, enda verið að gera nauðsynlegar breytingar á íslenskum lögum í þeim tilgangi að innleiða ákvæði framangreindrar tilskipunar.

Vakin er þó athygli á upphafi 1. ml. 2. mgr. 5. og 1. ml. 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins en þar segir „Lögaðilum sem nefndir eru í 1.-14. tölul. 1. mgr. 1. gr.“ Í 1. gr. frv. hefur fjórum nýjum tölul. verið bætt við umrædda málsgrein og þyrfti að athuga hvort ekki væri rétt að 1. ml. 2. mgr. 5. og 1. ml. 2. mgr. 6. gr. tækju einnig til þeirra.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Birgir Isl. Gunnarsson
formaður bankastjórnar


Eiríkur Guðnason
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS